



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 117. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 26. maí 2014 í húsakynnum Samorku.

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (*KVM*), Hildigunnur Thorsteinsson (*HT*), Claus Ballzus (*CB*), Magnús Þór Jónsson (*MPJ*), Egill Júlíusson (*EJ*), Magnús Ólafsson (*MÓ*) og Sigurjón Norberg Kjærnested (*SNK*).

1. Fundargerð síðasta fundar

CB gerir athugasemd við orðalag síðustu fundargerðar: „voru greiddir tvisvar á árinu“, tillaga gerð að breytingu í „tveir námsmannastyrkir voru greiddir á árinu“. Sú breyting var einróma samþykkt. Fundargerðin með breytingum var svo einróma samþykkt.

2. Verkaskipting stjórnar

Stjórnin samþykkti einróma að skipta verkum með sér á eftirfarandi hátt:

Varaformaður: Hildigunnur Thorsteinsson

Gjaldkeri: Claus Ballzus

Ritari: Sigurjón Norberg Kjærnested

Meðstjórnandi: Egill Júlíusson

Meðstjórnandi: Magnús Ólafsson

Meðstjórnandi: Magnús Þór Jónsson

3. Styrkur JHFÍ

Umræða fór fram um fyrirkomulag styrkveitinga JHFÍ. Í stað eins styrks til doktorsnema eða tveggja til mastersnema, var ákveðið að auglýsa styrkinn í ár sem styrk til framhaldsnema. Rætt var um að auglýsa styrkinn í ár fyrir sumarfrí og var ákveðið að hafa skilafrest á umsóknum til 8. september.

4. Haustfundur

Almenn umræða fór fram um fundinn og fyrirkomulag hans en þegar hefur verið ákveðið að tileinka Sverri Þórhallssyni fundinn. Farið var yfir möguleg erindi og fyrirlestra tengt honum og hans sérsviði innan jarðhitafræðanna.

Ákveðið var að halda fundinn 23. október næstkomandi í Orkugarði.

5. Önnur mál

a) Ósk um aðild

Ingólfur Örn Þorbjörnsson frá Ísor óskaði eftir aðild að félaginu. Var hann einróma samþykktur.

b) Jarðhitastaðall

IGA er að útbúa staðal fyrir jarðhitavinnslu. Umræða fór fram um slíkan staðal og möguleikann á því að útbúa slíkan staðal fyrir Ísland og mögulega aðkomu Jarðhitafélagsins að því, t.d með því að hafa málið til umræðu á vettvangi félagsins. Rætt var að taka málið til umfjöllunar á næsta vörfundi.

Næsti fundur ákveðinn 30. júní í húsakynnum Háskóla Íslands í boði *MPJ*.

Fundi slitið kl. 16:30.

Sigurjón Norberg Kjærnested, fundarritari